



göð, menn og myndasögur

Eftir Kolfinnu Jónatansdóttur

GOÐSÖGUR OG GOÐSÖGULEGT EFNI Hafa oft og tíðum verið listamönnum innblástur og alls kyns sköpunarverk hafa orðið til úr göðsögum, svo sem bókmenntaverk, kvikmyndir og myndlistaverk. Í þessari grein verður fjallað um dönsku teiknimyndasöguröðina *Valhalla* eða *Goðheima*, eins og hún heitir í íslenskri þýðingu, og hvernig höfundar hennar hafa nýtt sér efni úr norrænni goðafræði sér til innblásturs og öðrum til yndisauka.

Upphaf bókaflöksins má rekja til ársins 1977 þegar Henning Kure, sem þá var teiknimyndasagnarstjóri Interpresse, fékk ungan teiknara, Peter Madsen, til að vinna að fyrirhugaðri bókaröð um norrænu guðina. Auk þess fengu þeir textahöfundana Hans Rancke-Madsen og síðar Per Vadmand til liðs við sig. Frá og með sjöundu bókinni, *Ormen í dybet* (1991), varð Kure hins vegar aðalhöfundur sagnanna. Madsen var eftir sem áður eini teiknarinn og bókaflökkurinn er oft kenndur við hann.

Árið 1978 birtist sköpunarverk þeirra fyrst á prenti, sem framhaldsteiknimyndasaga í *Billedbladet* og ári síðar kom fyrsta bókin, *Úlfurinn bundinn* (*Ulven er løs*), út. Á næstu þrjátíu árum komu út fjórtán bækur til viðbótar um guðina og ævintýri þeirra og hafa þær hlotið margar viðurkenningar og alls verið þýddar á ellefu tungumál. Að auki var gerð teiknimynd í fullri lengd sem bar einfaldlega



heitið *Valhalla* og var frumsýnd árið 1986. Fyrstu fimm bækurnar voru gefnar út samtímis á íslensku og dönsku, en eftir það var hætt að þýða þær á íslensku. Fyrstu þrjár bækurnar hafa nýlega verið endurútgefnar á íslensku af Forlaginu og vonandi verður allur bókaflokkurinn þýddur í þetta sinn.

Goðheimabækurnar eru ekki einu verk höfundanna sem tengjast goðfræðilegu efni. Madsen hefur til að mynda fengist við Bibliúna og gefið út teiknimyndasögur um Jesú Krist, *Menneskesønnen* (1995), og Job, *Historien om Job* (1999), en vinnur nú ásamt konu sinni að barnabókum sem heita *Troldelev*. Kure hefur aftur á móti fíkrað sig lengra inn á svið norrænna fræða, haldið fyrirlestra á virtum ráðstefnum og gefið út greinar um norræna goðafræði, sem og bókina *I begyndelsen var skriget: vikingetidens myter om skabelsen* (2010).



Gyðjurnar eru í bókaflokknum, líkt og í goðsögunum sjálfum, vannýtt auðlind. Lítið sem ekkert er fjallað um þær og að Freyju og Skaða frátöldum fá þær lítið pláss og engin sérstök persónuauðkenni. Heimur bókanna snýst að mestu um karlguðina.

EFNIVIÐURINN

Bókaflokkurinn er rammaður inn af sögu mannbarnanna Þjálfu og Röskvu og dvöl þeirra í Ásgarði. Fyrsta bókin hefst á því að þau komast í þjónustu Þórs og er þar byggt á sögu úr *Snorra-Eddu*. Þór og Loki koma að bæ einum í Miðgarði og beiðast gistingar. Þór slátrar öðrum geithafri sínum þeim til matar, en varar fólk við að brjóta beinin, því hann hyggst safna þeim saman að áti loknu og lífga geithafurinn við daginn eftir. Þjálfu stenst ekki freistinguna og brýtur lærlegg til að ná í merginn, sem verður til þess að hafurinn verður haltur. Í sárabætur fær Þór þau systkin sem þjónustufólk.

Síðasta bókin, sem fjallar um ragnarök, endar á því að Þjálfu og Röskva komast aftur heim til foreldra sinna í Miðgarði. Lesendur kynnast Ásgarði og guðunum þar í gegnum systkinin og þau eru áberandi í mörgum bókanna. Þau eru ekki alltaf í aðalhlutverki en gegna oftast mikilvægu hlutverki fyrir gang sögunnar auk þess sem þau eru tengiliður lesenda við framvinduna og spurningar þeirra auðvelda oft höfundum að skýra atburðarásina og tengja atburði saman.

Íbúar Ásgarðs eru breyskir og mannlegir og enginn helgiblær yfir þeim. Guðirnir leika misstór hlutverk í bókaflokknum. Loki, Þór og Óðinn eru í aðalhlutverkum og Freyja og Heimdallur eru áberandi aukapersónur en aðrir guðir fara með minni hlutverk. Persónusköpunin er einföld, hver og ein persóna er dregin upp með nokkrum heildardráttum, sumar eru litaðar af hlutverki sínu og eru mjög einhliða, líkt og Týr sem hefur bara áhuga á hernaði og að Þjálfu einherjana, og Freyr sem er guð frjósemðar og landbúnaðar og heltekinn af svínunum.

Þjálfu og Röskva búa hjá Þór og Sif og börnum þeirra og heimili þeirra minnir um margt á „hefðbundin“ heimili. Sif er í bakgrunninum, móðurleg og sinnir barnauppleði og heimilisstörfum. Þór er ekki frábrugðinn þeirri mynd sem dregin er upp af honum í heimildum okkar um goðafræði. Hann er skapstór og snöggur að grípa til ofbeldis, hvort sem er hnefanna eða hamarsins. Hann er ekki sá snjallasti, en óttast ekkert og tekur hlutverk sitt sem verndari guða og manna alvarlega.

Loki er sjálfselskur og slóttugur en lendir auðveldlega í vandræðum og er oft á röngum stað á röngum tíma. Í því felst ákveðin túlkun á eðli hans í goðsögunum þar sem hann kemur ásum jafnan í vandræði og leysir úr þeim aftur. Hins vegar er ekki unnið með þá þróun sem verður á honum í goðsögum, þar sem hann fer frá því að vera talinn meðal ása yfir í að vera fjöttraður af þeim og berjast loks gegn þeim í ragnarökum. Teiknimyndasögurnar þar sem hann kemur fyrir eru gamansamari en hinar og oft er gamanið á hans kostnað.

Óðinn er oftast sýndur sem alvörugefinn alfadir, fullur visku og konungur ása, sem situr iðulega og teflir við höfuð Mímis. Hann á sér líka aðrar hliðar, til dæmis ef fallegar konur verða á vegi hans. Hrafnarnir Huginn og Muninn eru tenglar hans við umheiminn, og eins konar fréttaveitur, en þeir fljúga um allan heim að leita fréttu fyrir Óðin eða flytja skilaboð.

Gyðjurnar eru í bókaflokknum, líkt og í goðsögunum sjálfum, vannýtt auðlind. Lítið sem ekkert er fjallað um þær og að Freyju og Skaða frátöldum fá þær lítið pláss og engin sérstök persónuauðkenni. Heimur bókanna snýst að mestu um karlguðina.



Bókaflokkurinn virðist vera ætlaður öllum aldurshópa og krefst þess ekki að lesendur þekki til goðafræðinnar áður en lestur hefst. Slík þekking skemmir þó alls ekki fyrir og dýpkar lesturinn, því þá sést mjög skýrt hvaða skáldaleyfi höfundarnir taka sér og hvernig þeir leika sér með efnið, spinna í eyður og blanda saman heimildum.

Jötnar eru aðalóvinir ásanna, en þeir eru of fávísir og/eda gráðugir til að af þeim stafi veruleg hættu þar til þeir safnast saman undir stjórn Surts í síðustu bókinni. Sá eini þeirra sem fær ákveðin persónueinkenni og verður eftirminnilegur er Útgarða-Loki, sem nýtur þess að hrekkja Þór í *Hamarsheimt* og *Förinni til Útgarða-Loka*. Tvískipting góðs og illis er ekki til staðar, guðirnir geta verið jafnillkvittnir og leiðinlegir og jötnarnir og meira að segja Fenrisúlfulurinn ógurlegi getur orðið hræddur eða vill bara leika sér eins og hvolpur.

Hin einfalda persónusköpun virkar vel í þessum bókaflokki og minnir á klassískar teiknimyndasögur á borð við bækurnar um Ástrík og Tinna. Ekki er farið út í djúpar sálarlífsathuganir, eins og persónurnar gætu boðið upp á ef annars konar teiknimyndasagnaform væri notað. Aðall bókaflokksins er hvernig höfundarnir nýta sér hinn norræna goðsagnaarf og leika sér með efnið. Ólíkar goðsögur eru stundum fléttaðar saman, sumar hverjar brotakenndar, til að búa til nýjar og heildstæðar sögur.

Á meðal heimilda frá miðöldum sem notaðar eru má nefna *Snorra-Eddu*, eddukvæðin, fornaldarsögur og Danasögu Saxa málsþaka (Saxo Grammaticus). Teknar eru fyrir flestar helstu goðsögur sem til eru og þeim gerð skil. Meðal þeirra eru dauði Baldurs, tilurð skáldamjaðarins, hamarsheimt Þórs, bardagar Þórs við Hrungni og Miðgarðsorm, för hans til Útgarða-Loka, ragnarök, rán Íðunnar og eplanna og koma Skaða til Ásgarðs. Tvær sögur vantar þó sem gaman hefði verið að sjá höfundana glíma við, annars vegar sköpun heimsins og hins vegar Lokasennu, þar sem Loki sennir við goðin og dregur upp miður fallegar myndir af þeim.

Einungis tvær bókanna hafa söguþræði sem tengjast ekki varðveittum goðsögum. Annars vegar er um að ræða *Veðmál Óðins* (*Odins veddemál*) sem er samtíningur úr mörgum ólíkum sögum og ramminn, veðmál Óðins við valkyrjurnar, er tilbúningur höfunda. Hins vegar er það *Sagan um Kark* (*Historien om Quark*) sem lýsir árekstrum jötunstráksins

Karks við íbúa Ásgarðs og verður þar ástæða farar Þórs til Útgarða-Loka. Karkur var skapaður sérstaklega fyrir teiknimyndina *Valhalla* og birtist bara þar og í bókunum sem gerðar voru eftir myndinni. Hann öðlaðist síðar framhaldslíf í teiknimyndum og myndasögum sem báru nafn hans. Aðrar persónur sem fyrir koma í sögunum eru ættaðar úr goðafræðinni.

Bókaflokkurinn virðist vera ætlaður öllum aldurshópum og krefst þess ekki að lesendur þekki til goðafræðinnar áður en lestur hefst. Slík þekking skemmir þó alls ekki fyrir og dýpkar lesturinn, því þá sést mjög skýrt hvaða skáldaleyfi höfundarnir taka sér og hvernig þeir leika sér með efnið, spinna í eyður og blanda saman heimildum.

Hér á eftir verða tekin dæmi um efnistöð og hvernig leikið er með goðsögurnar í þremur bókanna.

ÞRYMSKVIÐA

Hamarsheimt (*Thors brudeferd*) kom út 1980 og er önnur bókinn í röðinni. Í henni er byggt á efni eddukvæðisins *Þrymskviðu* þar sem jötunninn Þrymur stelar Mjöllni, hamri Þórs, og krefst þess að fá Freyju sem lausnargjald. Freyja neitar að giftast Þrymi og því neyðist Þór til að dulbúa sig sem Freyju og fara til Jötunheima í fylgd Loka, sem er í gervi ambáttar. Í kvæðinu á Þór í mesta basli við að leyfa því hver hann er og matarlyst hans og hvasst augnarád eru á meðal þess sem koma næstum upp um hann, en snarræði Loka og lipur tunga hans bjarga máluum.

Kvæðið er ekki langt og því þarf að skálda í eyðurnar til að fylla upp í heila bók. Samtöl eru lengd og atriðum bætt inn í, en einnig er lífinu á meðal jötnanna gerð góð skil. Þór tekur sig álíka vel út í brúðarkjól og við má búast, enda eru ekki margir sem láta blekkjast. Loki er líkt og í kvæðinu mun trúverðugri kona en Þór.

Kvenréttindamál og ádeila á karllægt samfélag eru undirliggjandi þemu í bókinni. Þór og hinir guðirnir bera

litla virðingu fyrir ásynjunum, álit þeirra skiptir ekki máli og þeim finnst sjálfsagt að Freyja þjóni samfélaginu með því að giftast Þrymi og færa ásonum þannig hamarinn á ný. Neitun hennar, sem í kvæðinu er tekin góð og gild, er varla svara verð í sögunni og ætlast er til að hún fórnir sér fyrir samfélagið í aðstæðum sem karlarnir ráða ekki við. Heimdallur og Loki fá hins vegar þá afbragðshugmynd að dulbúa Þór frekar sem Freyju.

Þegar til Þryms er komið er Þór látinn vinna kvenmannsverk, sem honum líka alls ekki og enn síður þegar kemur að því að greiða út laun dagsins og hann fær mun minna en karlmennirnir fyrir svipaða vinnu. Þau laun eru m.a.s. dregin til baka þegar greiðandinn uppgötvar að hann er væntanleg húsfreyja og á þess vegna að vinna launalaust. Þór verður sármóðgaður yfir því hvernig jötnarnir fara með konur sínar, en áttar sig ekki á að hann er sekur um svipaðan hugsunarhátt gagnvart ásynjunum. Þór í kvenklæðum verður líka fyrir aðkasti jötnanna, sem sumir fara með ýmsar klisjur um gagnsemi kvenna, þær eigi að vera grannar og fallegar til að gleðja menn sína, að nei sé meýjar já og að það eina sem konur skilji séu barsmíðar.

Aðkastið sem Þór verður fyrir sem kona í Jötunheimum gengur lengra en að endurspegla einvörðungu hans eigin karlrembu í Ásgarði. Framsetningin á því áreiti og misskiptingu sem hann verður fyrir í kvenmannsgervi er fremur ádeila út fyrir heim bókanna, á misskipt kjör karla og kvenna og baráttu femínista fyrir jöfnum kjörum, en

sú baráttan var í fullum gangi á ritunartíma bókarinnar. Í stað þess að vera, líkt og kvæðið, gamansaga um hversu ómögulegt það er fyrir Þór að dyljast í kvengervi, verður bókin ádeila á misskiptingu kynjanna.

SKÁLDSKAPARMJÖÐURINN

Ellefta bókin, *Mysteriet om digtermjøden* (1998), fjallar um tilurð skáldskaparmjadarins og það hvernig Óðinn kom höndum yfir hann. Í *Skáldskaparmálum Snorra-Eddu* er sagt frá því hvernig mjöðurinn varð til. Þegar saminn var friður eftir stríð ása og vana hræktu þeir allir í pott og úr var skapaður maðurinn Kvasir, sem var svo vitur að hann ferðaðist milli heima og deildi visku sinni, allt þar til dvergarnir Fjalar og Galar myrtu hann og blönduðu blóði hans við hunang, svo úr varð skáldskaparmjöðurinn. Dvergarnir drápu síðar jötuninn Gilling og þurftu að greiða syni hans Suttungi mjöðinn í föðurgjöld. Dóttir Suttungs, Gunnlöð, gætir mjadarins og þegar Óðinn kemst til hennar með brögðum fær hann einn sofa af miði fyrir hverja þeirra þriggja náttu sem hann dvelur hjá henni. Það nægir honum til að drekka allan mjöðinn og fljúga í arnarham með hann heim í Ásgarð.

Þessi saga er sögð og teiknuð í film noir-stíl, en film noir er hugtak notað um svart-hvítar glæpamyndir frá fimmta og sjötta áratug tuttugustu aldar. Oft er aðalsöguhetja slíkra mynda einkaspjari og það hlutverk fær Óðinn. Á dimmu og drungalegu kvöldi fær hann viðskiptavinini, dvergana Fjalar og Galar, til sín. Þeir segjast hafa verið ranglega sakaðir um morðið á Gillingi og þurft að greiða Suttungi, syni hans, mjadartunnu í föðurbætur. Trúverðugleiki viðskiptavinanna er lítill sem enginn en þeir fela Óðni að endurheimta tunnuna innan ákveðins tímaramma. Til að hvetja hann enn frekar gefa þeir honum sofa af miðinum, sem er, ólíkt öðrum miði, ekki vatnsblandað hunang heldur áfengur. Þannig verður leit Óðins að miðinum í senn leit hans að skáldagáfunni og löngun einkaspjarans í áfengan drykk. Gunnlöð er sett í hlutverk femme-fatale sem gefur hetjunni misvísandi upplýsingar en að lokum nær hann að snúa á hana og kemst yfir mjöðinn.

Teikningarnar eru dimmar og drungalegar, sögutíminn er í gráum og brúnum tónum en endurlit til fortíðar í lit. Hugsanir og vangaveltur Óðins um rannsóknina leiða söguna áfram, þær eru stuttar og hnitmiðaðar en fullar af goðfræðilegum vísunum. Örlög Mímis eru tengd inn í söguna og skýrt hvernig hann missti líkamann. Einnig er litið til Ynglingasögu þar sem Kvasir er sagður vera vanaættar og gisl ása, líkt og Njörður og börn hans. Hinn dularfulli Hænir, sem er ekkert nema nafnið í goðsögunum, kemur líka við sögu. Úr verður mál þar sem hlutirnir eru ekki eins og þeir sýnast í upphafi, heldur leynast lygar og samsæri víða. Einnig er unnið með hugmyndir um kvenveldi vana og gert grín að því hversu miklar karlrembur æsirnar eru og því geti þeir aldrei öðlast visku vana.

DAUÐI BALDURS

Prettánda bókin nefnist *Balladen om Balder* og fjallar um dauða Baldurs, atburð sem í *Snorra-Eddu* er staðsettur rétt á undan ragnarökum og vitnað er til í fleiri heimildum, svo sem eddukvæðunum *Völuspá* og *Baldurs draumum*.

Í frásögn *Snorra-Eddu* dreymir Balður illa og draumarnir eru ráðnir sem forspá um dauða hans. Til að varna því fær

BÆKURNAR OG ÚTGÁFUÁR ÞEIRRA

Ulven er løs (1979)

Thors bruddefærd (1980)

Odins væddemål (1982)

Historien om Quark (1988)

Rejsen til Udgårdsloke (1989)

De gyldne æbler (1990)

Ormen i dybet (1991)

Frejas smykke (1992)

Den store udfordring (1993)

Gudernes gaver (1997)

Mysteriet om digtermjøden (1998)

Gennem ild og vand (2001)

Balladen om Balder (2006)

Muren (2007)

Vølvens syner (2009)



Úr *Balladen om Balder*, 2011.

móðir Baldurs, Frigg, alla hluti jarðar til að lofa að skaða hann ekki. Æsir skemmta sér eftir það við að henda vopnum í hinn ósæranlega Baldur. Loka gremst það og fær upp úr Frigg að mistilteinn hafi ekki svarið eiðinn því hann var of ungur. Loki býr til ör úr mistilteini, fær Heði hinum blinda hana í hendur og hvetur hann til að taka þátt í leiknum. Höður skýtur örinni og Baldur deyr. Reynt er að fá Baldur úr Hel. Til að það sé hægt þurfa allir að gráta hann. Það gera allir samviskusamlega nema tröllkonan Þökk, sem neitar. Í refsingarskyni breyta æsir öðrum syni Loka, Vála, í úlf og láta hann rífa bróður sinn Narfa í sundur og nota þarma hans til að binda Loka.

Saman við þessa frásögn er hér fléttað sögunni um Baldur og Höð (eða Balderus og Høtherus) í Danasögu Saxa málsþaka, þannig að úr verður ein heild. Þar er Baldur hálfguð sem girnist heitmey prinsins Haðar, sem er í þessari sögu alsjáandi. Þeir berjast þrisvar en að lokum tekst Heði að drepa Baldur með galdrasverðinu Mímingi og aðstoð galdrakvenna.

Loki er í aðalhlutverki í þessari myndasögu, og er efniviðurinn nýttur á frjálsglegan hátt. Loki hittir dóttur sína Hel í draumi og segist hún vera einmana. Draumarnir halda áfram og næst upplifir hann eftirmál dauða Baldurs, þegar æsir fanga hann og fjötra. Loki verður dauðhræddur um hefnd ásanna ef eitthvað skyldi koma fyrir Baldur og reynir því að vernda hann fyrir öllum hættum. Höður hinn blindi verður afbrýðissamur út í bróður sinn vegna valkyrjunnar Nönnu og reynir sitt besta til að drepa hann. Loki reynir að hindra það, m.a. í gervi gýgjarinnar Þakkar, en mistekst hrápallega, því óafvitandi réttir hann Heði það vopn sem hann þarf til að drepa bróður sinn. Loki er því ekki ráðbani Baldurs líkt og í *Snorra-Eddu* heldur óheppinn milligöngumaður í sögu þar sem ástir og afbrýði eru stór þáttur í framvindunni. Baldur verður ekki heimtur úr helju,

en allt fer samt vel. Í stað þess að vera harmræn saga um bróðurmorð, líkt og í *Snorra-Eddu* er hér sögð ástarsaga sem endar vel.

Eftir þessari bók hefur verið saminn samnefndur söngleikur, *Balladen om Balder*, sem frumsýndur var í Viborg árið 2011 en er nú sýndur í Kaupmannahöfn.

AÐ LOKUM

Goðheimabækurnar eru ekki einu skáldverkin eða teiknimyndasögurnar þar sem höfundar nýta sér hinn norræna goðaheim sem efnivið. Margir hafa nýtt sér norrænu guðina og fært þá til í tíma og rúmi, ýmist einn eða fleiri. Í bók Neils Gaimans *American Gods* leika Óðinn og Loki t.a.m. stór hlutverk, en rammi þeirrar sögu eru Bandaríki nútímans, í þeirri bók og fleiri fantasíubókum eru guðirnir söguhetjur, en innfluttar í heim hverrar fantasíu fyrir sig.

Aðrir höfundar hafa ekki bara nýtt sér einstaka guði heldur guðaheiminn í heild. Sem dæmi um slíkt má nefna nýlega íslenska teiknimynd og bækur um Þór. Þar er guðinn Þór í aðalhlutverki en aðrir guðir og guðaheimurinn mynda ramma utan um sögur sem eru að mestu frumsamdar. Það sama gildir um bandarísku teiknimyndasögurnar um Þór, þar er guðaheimurinn hliðstæður hinum „venjulega“ heimi og margir guðanna koma við sögu. En Þór sjálfur er gerður útlægur þaðan og að venjulegum dauðlegum manni, sem breytist þó í guðlega ofurhetju þegar þörf krefur.

Sérstáða Goðheimabókanna er sú að í þeim er unnið með þær goðsögur sem varðveist hafa frá miðöldum. Sögurnar eru endurunnar og höfundar taka sér vissulega skáldaleyfi og leika sér með efniviðinn en víkja aldrei of langt frá heimildum sínum. Bækurnar mynda því nokkurs konar brú til fortíðarinnar og þær sögur sem skemmtu forfedrum okkar.

Kolfinna Jónatansdóttir. (2013). Goð, menn og myndasögur. Spássían, 4(2), 21-25.